

Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald.

Um skiptingu kostnaðar og annað sem viðkemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu.

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, ásamt breytingum frá 13. apríl 1962 og frá 21. október 1969, um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu, er birt var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 17 31. júlí 1970, samkvæmt lögum nr. 77 10. maí 1966, skulu ná til allra íslenskra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó.

2. gr.

Olíustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur, skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt, og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um olíustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á. Sama gildir um verksmiðjur og aðra starfsemi, sem valdið getur olíuóhreinun stöðuvatna, sem hafa afrennsli til sjávar, lækja eða annarra straumvatna.

3. gr.

Siglingamálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara, og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýra-verndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 10. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrir-

byggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 184 16. ágúst 1966.

Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

20. janúar 1971.

Nr. 9.

REGLUR

um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs eða vélbáta til fiskveiða, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verði endurgreitt af meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	1250 lítrar á ári
15—19 hestafla vélar	1000 lítrar á ári
14 hestafla vélar og þar undir	850 lítrar á ári

Ef fyrir liggur yfirlýsing lögreglustjóra um, að umsækjandi um endurgreiðslu vegna benzíns, notuðu á dráttarvél, hafi ekki átt bifreið eða díseldráttarvél á því ári, sem benzínið var notað, er heimilt að endurgreiða af allt að 50% meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en að framan segir.

3. gr.

Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver benzínknúin dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, skal fylgja umsókn vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
4. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.